



Samtakahópurinn, fundur haldinn 23.11 2022 kl. 13.00 í Ráðhúsi Reykjanesbæjar Tjarnargötu 12

Mætt: María Guðmunda Pálsdóttir, Lilja Friðriksdóttir, Kristján Freyr Geirsson, Gunnhildur Gunnarsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Sigrún Björgvinsdóttir, Elín Ingibjört Kristjánsdóttir, Ólafur Bergur Ólafsson, Silja M. Albertsdóttir, Sigrún G. Magnúsdóttir, Ásdís Ragna Einarsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. mál kynning á frístundamiðstöð Reykjanesbæjar

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 Hússins og Ólafur Bergur Ólafsson sagði frá starfi frístundamiðstöðvarinnar við Hafnargötu 88.


Samtakahópurinn þakkar greinargóða kynningu.

2. mál kynning á forvarnarstarfi Fjölbrautarskóla Suðurnesja

Lilja Friðriksdóttir forvarnarfulltrúi FS sagði frá forvarnarstarfi FS. Samtakahópurinn þakkar fyrir góða kynningu.

3. mál Endurskinsmerki

Samtakahópurinn hvetur foreldra til að huga að notkun endurskinsmerkja fyrir sig sjálf og börnin sín nú þegar haustið er skolið á.



4.mál fræðsla um ábyrga og jákvæða netnotkun.

Hafþór Birgisson sagði frá fræðslu um ábyrga og jákvæða netnotkun sem hann stóð fyrir í samstarfi við Sigrúnu Helgu Björgvinsdóttur námsráðgjafa Akurskóla fyrir nemendur í 6. bekk.

NETEINELTI ALGENGARA MEÐAL

6.BEKKINGA EN 10.BEKKINGA

Í nýútkominni skýrslu Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ) með

niðurstöðum landskönnunar meðal grunnskólanema í 6., 8., og 10., bekk grunnskóla, sem fram fór vorið 2022, kemur fram að neteinelti er algengara meðal 6. bekkinga en 10. bekkinga. Um átta af tíu grunnskólanema í könnuninni upplifðu mikinn stuðning frá fjölskyldu sinni, um átta af hverjum tíu nemendum í 6., 8., og 10. bekk grunnskóla líkar vel eða þokkalega í skólanum sínum og um átta af tíu þátttakendum hreyfa sig tvisvar sinnum eða oftar í viku.

Miðvikudaginn 17. nóvember var haldinn fundur með haghöfum ÍÆ og fóru fram góðar umræður um rannsóknina, niðurstöður og framtíð hennar.

5. mál – ofbeldismyndband Samtakahópsins

Gunnhildur Gunnarsdóttir og Ólafur Bergur Ólafsson sögðu frá vinnu við forvarnarmyndband um ofbeldi sem verður tilbúið í byrjun nýs árs. Myndbandið verður unnið í samstarfi við Ungmennaráð og Samtakahópin.

NETORÐIN 5

**GÆTTU AÐ HVAÐ ÞÚ GERIR Á NETINU!
ÞAÐ SJÁ ÞAÐ ALLIR.**

1 Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert

2 Góð samskipti eru jafn mikilvæg á netinu og annars staðar

3 Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er

4 Mundu að þú skilur eftir þig stafræn spor á netinu

5 Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu

 **vodafone**

S A F T



Eru meðlimir Samtakahópsins með einhverjar hugmyndir um það hvað ætti að koma fram í myndbandinu (endilega sendið tölvupóst á fjorheimar@reykjanesbaer.is).

-Hvernig ætlum við sem forvarnarhópur að hjálpast að við það að dreifa myndbandinu og tryggja það að myndbandið hafi áhrif og að það sé unnið eitthvað meira með það?

T.d. innan allra grunnskólanna: nemendur horfa á myndbandið, er unnið eitthvað meira með það (verkefni í kjölfar myndbandsins?).

-Hvernig getum við sem forvarnarhópur hjálpast að við það að dreifa herferðinni á sem flesta staði? Hvernig ætlum við að hafa áhrif?

6. mál – geðheilsuteymi HSS



Samtakahópurinn vekur athygli á geðheilbrigðisteymi HSS

Geðheilbrigði

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eru starfrækt tvö teymi sem sinna sálfélagslegri þjónustu, geðteymi og forvarnar- og meðferðarteymi barna, sem starfa eftir stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda í geðheilbrigðismálum.

Teymin sinna greiningu og meðferð á algengustu geðröskunum á heilsugæslustigi ásamt því að veita meðferð og rágjöf við verðandi og nýbakaða foreldra og þá sér í lagi mæður. Geðteymið sinnir fólki 18 ára og eldri og FMTB sinnir foreldrum og börnum upp að 18 ára.

Þjónusta teymanna nær til allra sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Sé þörf á bráðþjónustu er bent á bráðamóttöku geðsviðs LSH.

Bráðþjónusta göngudeild geðdeilda: sími 543-4050, opið virka daga 12-19 og helgar og hátíðir 13-17

Vakthafandi læknir á geðdeild: sími 543-1000

Nánar á vefslóðinni <https://www.hss.is/um-hss/deildir/geðheilbrigði>

7. mál – Samtökin 78

Samtakahópurinn er að skoða samstarf við Samtökin 78 en mikilvægt er að fræða alla sem eru samferðafólk barna okkar. Hafnarfjörður og Garðabær eru nýverið búin að skrifa undir samning við samtökin um margvíslega fræðslu.



8. mál Fristundir.is

Ásdís Ragna Einarsdóttir lýðheilsufulltrúi sagði frá áhugaverðu myndbandi sem þau sem sjá um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum létu gera fyrir skemmstu til að vekja athygli á mikilvægi hreyfingar á heilsu og að kynna vefinn [fristundir.is](https://www.youtube.com/watch?v=nvl2BG07gps) <https://www.youtube.com/watch?v=nvl2BG07gps>

Samtakahópurinn óskar Ásdísi Rögnu og félögum til hamingju með myndbandið og herferðina sem þau standa fyrir.



Geðheilsuteymi Suðurnesja



Málastjóri: _____

Þjónusta Geðheilsuteymis HSS byggir á batahugmyndafræði, sem felst í að styðja notendur þjónustunnar í sínu persónulegu bataferli. Markmiðið er að notandi þjónustunnar fái tækifæri og stuðning til valdeflingar með aukinni virkni og bættri líðan. Á þann hátt óðlast einstaklingurinn tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu. Þjónustan er fyrir einstaklinga 18 ára og eldri sem eru greindir með geðsjúkdóma.

- Geðheilsuteymið er þverfaglegt teymi sem vinnur þétt saman. Í teyminu starfa geðhjúkrunarfræðingur, geðlæknir, sálfræðingar, félagsráðgjafar, lögjafli og iþróttfræðingur.
- Þjónustan fer fram með heimavíðunum eða viðtölum á starfsstöð geðheilsuteymisins eftir því hvað henta þykir hverju sinni.
- Fjöldi vitjana eða viðtala er einstaklingsbundinn, fer eftir líðan þjónustuþega, hvaða þætti á að vinna með en er jafnframt háður svigrúmi hjá starfsfólki teymisins.
- Geðheilsuteymið vinnur eftir gagnreynðum aðferðum.
- Þjónustan er tímabundin í 3-12 mánuði.
- Þjónustan er gjaldfrjálss.

Markmið með þjónustunni er að auka getu, færni og að bæta líðan

- Fyrstu viðtöl eða heimavíðanir fara í að meta líðan og fá greinagóðar upplýsingar.
- Í upphafi þjónustu er gerð meðferðaráætlun þar sem sett eru markmið með hvaða vanda unnið verði með og áætlun gerð um lengd meðferðar.
- Þjónusta teymis felur í sér að styðja við þau markmið sem þjónustuþegi leggur fram í sinni meðferð.
- Þjónustuþegi og málastjóri skrifa undir áætlunina, sem gerð er í samvinnu.
- Þjónustuþegi fær afrit af meðferðaráætluninni.
- Málastjóri kallar eftir aðkomu annarra aðila teymisins eftir þörfum.
- Málastjóri tryggir að notandi fái þá þjónustu sem hann hefur þörf fyrir á skilvirkan hátt, hvort sem það er í samvinnu við félagsþjónustu eða aðrar stofnanir.

Leiðbeiningar um viðtöl og aðra þjónustu

- Ráðlegt er að skrá hjá sér vitjanir og viðtöl. Hægt er að skrá í dagbók eða snjallsímann.
- Mikilvægt er að láta vita eins fljótt og auðið er ef viðtalstíminn eða önnur þjónusta er ekki nýtt. Ónýttir tímar koma niður á öðrum þjónustuþegum og þeim sem bíða eftir þjónustunni.
- Notandi þjónustu er hvattur til að hringja á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 422-0500 eða senda skilaboð í gegnum Heilsuveru og skilja eftir skilaboð til málastjóra ef þörf krefur á milli viðtala.

Stafrænn foreldrafundur um netöryggi barna

Næstum öll börn í grunn- og framhaldsskóla á Íslandi eiga eiginn snjallsíma og eru þátttakendur í hinum stafræna heimi. Sú staðreynd er að mestu mjög jákvæð því börn eiga rétt á þátttöku í samfélaginu, þau eiga rétt til að fá upplýsingar og þau njóta margra annarra réttinda samkvæmt Barnasáttmálanum sem aðgangur að internetinu auðveldar þeim að sækja.



Það þarf þó ekki að segja neinum það nú til dags að því fylgja ekki aðeins jákvæðar hliðar að vera nettengd og að eiga snjalltæki, þó það feli í sér endalaus tækifæri til að rækta vináttu, fjölskyldutengsl, að fræðast og leika sér. Því fylgja líka margar ólíkar áskoranir sem fullorðið fólk, sér í lagi foreldrar, þarf að vera vakandi fyrir og flestir foreldrar gera sér grein fyrir því.

Helst af öllu þarf samfélagið að koma í veg fyrir að börn verði fyrir áföllum, ofbeldi, slysum, áreitni eða hatursfullum samskiptum, því eins og með réttinn til þátttöku þá eiga börn rétt á vernd gegn ofbeldi og okkur ber öllum að skapa eins heilbriggt umhverfi fyrir börn og mögulegt er. En enginn einn getur séð um það verkefni heldur er það samfélagsverkefni sem öll geta tekið þátt í og ættu að gera eftir bestu getu.

Tilkynningum til Ábendingalínu Barnaheilla, þangað sem hægt er að tilkynna um ólöglegt og óviðeigandi efni á neti sem varðar börn, hefur fjölgað margfalt á þessu ári. Því fögnum við, því það merkir að fleiri og fleiri eru meðvitaðri um mikilvægi þess að tilkynna um slíkt efni og jafnframt eru meiri líkur á að börnum sé komið til hjálpar. Efnið er oft hægt að fjarlægja af netinu og líklegra er að þau börn sem málin varða fái stuðning til að vinna úr þeirra neikvæðu reynslu.

Fræðsla um forvarnir gegn ofbeldi er afar mikilvæg fyrir alla foreldra. Með fræðslu aukum við sjálfsöryggi okkar og öðlumst skilning, verðum færari í að vera til staðar fyrir börnin okkar og hjálpum þeim að segja frá því ef þau eiga í erfiðleikum.

Stafrænn foreldrafundur um netöryggi barna verður haldinn miðvikudaginn 23. nóvember í hádeginu, kl. 12:00. Foreldrar eru hvattir til að mæta á fundinn og bjóða samstarfsfélögum með sér.

Verið öll velkomin á foreldrafundinn og slóðin er: <https://fb.me/e/3NspsPBRN>

Greinin er skrifuð í tilefni samvinnu Barnaheilla, Heimilis og skóla, SAFT, 112 og Ríkislögreglustjóra um aðgerðir gegn stafrænu ofbeldi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00

Næsti fundur fer fram 7. desember kl. 13.30 í ráðhúsi Reykjanesbæjar en þá munu fulltrúar Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins og Heilsulausnir kynna fyrir Samtakahópnunum ýmsa skólafræðslu með áherslu á tóbak og nikótín, auk fleiri lífshátta. En þau hafa áhuga á að fá fund með okkur til þess að kynna fræðslustarfið hjá okkur og ræða ýmsar hugmyndir sem við vonum að gætu verið áhugaverðar forvarnarstarf innan grunn- og framhaldsskólanna.